



Samfélagsfræði

Árgangur

8. bekkur

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar 2007*.

Inntak náms

Ætlunin er að nemendur læri að lesa af landakortum, þekki mælikvarða þeirra, tákni, merkingar og mismunandi tegundir. Farið verður í breiddar- og lengdarbauga Jarðar og hvernig tímakerfi okkar byggist á lengdarbaugum. Saga Jarðarinnar verður skoðuð í grófum dráttum, myndunar yfirborðsins, hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og þróunar hennar um aldir. Ætlast er til að nemendur átti sig á landreki, orsökum jarðskjálfta og eldgosa. Einnig verður fjallað um útræn öfl sem hafa áhrif á jarðskorpuna s.s. veðrun, vatnsrof og áhrif mannsins. Leitast verður við að nemendur þekki orsök vinda og úrkomu og loftslag og gróðurbelti jarðarinnar.

Námsgögn

Andersson, Göran. *Landfræði handa unglíngum 1. hefti*. Þýð. Þorsteinn Þorsteinsson. 1997. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Óttar Ólafsson. 1990. *Landið og Landakortin*. Námsgagnastofnun, Reykjavík. Kortabækur.

Kennsluskipan

Kennslustundir verða 3 á viku allan veturinn og mun kennslan fara fram í formi fyrirlestra og umræðna. Nemendur munu vinna verkefni samhliða efninu og leitast verður við að nota fjölbreyttar aðferðir til að dýpka skilning hvers og eins. Einnig verður notast við tilhlýðilegt fræðsluefni af mynddiskum og spólum.

Námsmat

Í áfanganum er tvíþætt námsmat og skiptist það í prófseinkunn og vinnueinkunn. Prófseinkunn meðaltal allra prófa.

Vinnueinkunn samanstendur af þeim verkefnum sem unnin verða á önninni og nemendur þurfa að standa skil á. Vinnueinkunn er skipt í eftirfarandi þætti:

Áfangapróf 30%, ástundun 20%, verkefni og vinnubók 25%, ritgerð(ir) 25%.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn; afrakstur vinnu nemandans frá hausti.

Árgangur

9. bekkur

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar 2007*.

Inntak náms

Nemendur kynna Jóni Sigurðssyni og hugmyndum 19. aldar um samfélagsþróun. Nemendur kynna aðdraganda Heimsstyrjaldarinnar síðari og áhrifum hennar á land og þjóð.

Nemendur kynna þeim vandamálum sem fylgja fólksfjölgun í heiminum og læra helstu hugtök tengd henni. Einnig eiga nemendur að geta útskýrt mismun á aldurs- og kynskiptingu, fólksfjölda eftir svæðum og áhrif þessara þátta á samfélagið. Nemendur læra að lesa úr aldursþíamíðum og búa þá til. Munurinn á iðn- og þróunarlöndum verður skoðaður og áhersla lögð á að nemendur átti sig á einkennum þeirra. Farið verður í tvær ólíkar heimsálfur og þær bornar saman með tilliti til menningar, náttúrufars og tæknistigs.

Námsgögn

Jenný Björk Olsen og Unnur Hrefna Jóhannsdóttir, 2000. Stríðsárin á Íslandi 1939 – 1945, Námsgagnastofnun Reykjavík

Arvid Joelsson og Göran Anderson, 1996. *Landfræði handa unglíngum 2.hefti*.

Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Árni Daniel Júlíusson, 2000. Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar,

Námsgagnastofnun Reykjavík.

Kortabækur

Myndbönd frá námsgagnastofnun: Afríka - sunnan Sahara og Suður Ameríka.

Þættir úr sögu 20. Aldur og fleiri myndbönd.

Kennsluskipan

Kennslustundir eru 4 á viku. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra kennara og umræðna. Mikil áhersla verður lögð á að einstaklingurinn leiti sér upplýsinga sjálfur úr bókum, af kortum og á veraldarvefnum. Nemendur afla sér upplýsinga um ýmis málefni sem tengjast námsefninu og kynna fyrir bekkjarfélögum í myndum og máli.

Smærri verkefni verða lögð fyrir auk stærri hópverkefna.

Námsmat

Í áfanganum er tvíþætt námsmat og skiptist það í prófseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn samanstendur af þeim verkefnum sem unnin verða á önninni og

nemendur þurfa að standa skil á. Vinnueinkunn er skipt í eftirfarandi þætti:

Áfangapróf 30%, ástundun 20%, verkefni og vinnubók 25%, ritgerðir 25%.

Prófseinkunn er meðaltal allra prófa.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn; afrakstur vinnu nemandans frá hausti.